
Hluthafafundur Símans hf.

verður haldinn fimmtudaginn 20. ágúst 2026 kl. 16:00 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 25, Reykjavík.

Dagskrá

1. Breytingar á samþykktum félagsins starfskjarastefnu og starfsreglum tilnefningarnefndar.

Tillagan felur m.a. í sér að samþykktum félagsins verði breytt með eftirfarandi hætti:

- a. Nafni félagsins verði breytt í Ásar hf.
- b. Ákvæði 2. gr. (heimilisfang félagsins) falli brott.
- c. Tilgangsákvæði samþykktu, sbr. grein 2 (áður grein 3), breytist til samræmis við breyttan megintilgang félagsins sem eignarhaldsfélag á sviði starfrænnar þjónustu, m.a. fjarskipta, upplýsingatækni, miðlastarfsemi, fjártækni, öryggisþjónustu o.fl.

2. Önnur mál.

Aðrar upplýsingar

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. fyrir kl. 16:00 hinn 10. ágúst 2026. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á netfangið hluthafar@siminn.is.

Nánari upplýsingar um aðgangsupplýsingar, þátttöku, skráningu og atkvæðagreiðslu er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

Hluthafar sem eiga ekki kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Fjöldi hluta í félaginu

Heildarfjöldi hluta í félaginu hinn 30. júlí 2026 er 2.400.000.000 hlutir og atkvæði jafnmörg. Þar af eru virk atkvæði 2.289.347.584.

Aðrar upplýsingar

Á vef félagsins, <https://www.siminn.is/fjarfestar/hluthafafundir>, er að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við hluthafafundinn, þ.m.t. tillögu stjórnar félagsins og umboðseyðublað. Endanleg dagskrá fundarins og tillögur verða gerðar aðgengilegar hluthöfum eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn á framangreindum vef félagsins og skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Skráning á fundinn hefst klukkan 15:30 og verða atkvæðaseðlar og önnur gögn afhent á fundarstað frá þeim tíma. Skráningu lýkur klukkan 16:00 þegar fundur hefst.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 30. júlí 2026

Stjórn Símans hf.